



## Síðustu dagar haustannar 2014

Haustannarpróf eru hafin í FG og lýkur þeim 14. desember. Opnað verður fyrir einkunni í INNU þriðjudaginn 16. desember kl. 11:00. Prófsýning hefst síðan kl. 12:00 og er til 14:00. Við hvetjum nemendur eindregið til að koma og skoða sínar prófurlausnir.

Kl. 14:00 sama dag (14. des.) er æfing fyrir útskriftarnema og brautskráning verður laugardaginn 20. desember kl. 11:00.

## Fyrstu dagar vorannar 2015

Stefnt er að því að opna fyrir stundatöflur fyrir nemenda í INNU 2. janúar kl. 12:00.

Kennsla hefst þriðjudaginn 6. janúar. Kennt verður eftir hraðtöflu þannig að nemendur fara einu sinni í alla áfanga (að undanteknum nokkrum ípróttaáföngum). Sjá má hraðtöfluna hér fyrir neðan.

Töflubreytingar verða mánudaginn 5. janúar frá kl. 13:00 – 16:30 og þriðjudaginn 7. janúar frá 8:10 – 16:00. Athugið að hópar fyllast fljótt og fyrstir koma, fyrstir fá.

## Greiðsluseðlar

Búið er að senda út greiðsluseðla fyrir vorönn 2015. Að þessu sinni voru greiðsluseðlar sendir út í pósti. Þetta er í síðasta sinn sem slíkt verður gert. Á næstu önnum látum við duga að senda tilkynningu í tölvupósti og svo birtist krafan í heimabanka. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að nemendur og foreldrar séu með netföng sín rétt skráð hjá skólanum og fylgist með þeim.

## Bréf vegna skólavistar

Nokkuð stór hópur nemenda mun fá bréf vegna skólasóknar og slakrar frammistöðu á haustönninni. Þau bréf verða póstlögð 16. desember og er mjög mikilvægt að kynna sér innihald þeirra vel. Þessi bréf verða af þrennum toga.

Nýnemar sem hafa mætt illa á önninni verða boðaðir í viðtal við skólameistara í janúar.

Eldri nemendur sem hafa ekki stundað skólann nægilega vel en fá samt skólavist, fá bréf þar sem þeir eru hvattir til að standa sig betur á næstu önn.

Nemendur sem hafa stundað skólann illa fá höfnun á skólavist á næstu önn. Í þeim tilvikum er enn mikilvægara að lesa bréfin vel og meta hvort ástæða er til að senda bréf til skólans og reyna að fá þeirri ákvörðun breytt. Nemendur sem hafa ekki fengið höfnunarbréf áður geta í mörgum tilfellum fengið skólavist með samningi sem kallar á verulega breytta ástundun

## Hraðtafla 6. janúar 2015

9:00 - 9:30	<b>1. tími (er 8:10-9:00) A stokkur</b>
9:35 - 10:05	<b>2. tími (er 9:10-10:00) B stokkur</b>
10:15 - 10:45	<b>3. tími (er 10:15-11:05) C stokkur</b>
10:50 - 11:20	<b>4. tími (er 11:10-12:00) D stokkur</b>
11:25 - 11:55	<b>5. tími (er 12:35-13:25) E stokkur</b>
12:00 - 12:30	<b>6. tími (er 13:30-14:20) F stokkur</b>
12:50 - 13:20	<b>7. tími (er 14:25-15:15) G stokkur</b>
13:25 - 13:55	<b>8. tími (er 8:10-9:00 á þriðjudegi) H stokkur</b>